

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Guðrúnu Birgisdóttur
Dags. 23. maí 2020
Mnr. 2020010058



ÍSAFJARÐARBÆR

Upplýsingar vegna sumaropnunar 6.júlí – 5.ágúst 2020

Þegar það lá ljóst fyrir að Covid-19 hafði áhrif á barnfjölskyldur vegna röskunar á leikskólastarfi fór sveitarfélagið að kanna þörf þeirra foreldra/forráðamanna fyrir því að hafa opið í áætlaðri sumarlokun leikskóla 6.júlí – 5.ágúst 2020. Í þeirri könnun kom í ljós að þörf er fyrir opnun en þó mismikill á milli vikna. Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar ákvað á fundi sínum þann 18.maí 2020 að sumaropnun verði útfærð eins og gæsluvallarleið (rólóleið) fyrir þá foreldra/forráðamenn sem tóku á sig skerta vinnu og/eða jafnvel þurftu að nýta sumarleyfið sitt til að vera heima dagana sem leikskólinn var lokaður vegna Covid-19. Gæsluvöllurinn verður á Sólborg fyrir báða leikskólanna vegna framkvæmda sem þarf að ljúka á Eyraskjóli í sumarlokun. Útfærsla á gæsluvelli er eftirfarandi:

- ✓ *Markmarkmið með gæsluvelli er að veita börnum örugga gæslu á opnunartíma.*
- ✓ *Sumarstarfsmenn verða ráðnir inn ásamt því að starfsfólk frá báðum leikskólum starfa í sumaropnun.*
- ✓ *Opnunartími er kl 08:00 til 16:00, mikilvægt er að virða opnunartíma.*
- ✓ *Ekki verður boðið upp á faglegt starf og lögð verður áhersla á útiveru.*
- ✓ *Tvær deildar verða opnar og skiptast eftir aldri.*
- ✓ *Yngstu börnunum verður boðið upp á hvíld.*
- ✓ *Börnin koma með nesti fyrir daginn, hádegishressingu og síðdegishressingu. Mikilvægt er að börnin séu búin að borða morgunmat heima. Boðið verður upp á ávexti. Hægt er að geyma hressingar í kæli.*
- ✓ *Ekki er tekið á móti veikum börnum eða boðið uppá inniveru eftir veikindi.*
- ✓ *Fylla þarf út skráningareyðublöð hjá leikskólastjóra fyrir starfsmenn sumaropnunar með nauðsynlegum upplýsingum. Leikskólastjóri sendir út þegar nær dregur.*
- ✓ *Sveitarfélagið sendir út greiðsluseðill eins og leikskólagjöld hafa verið innheimt.*

Frekari upplýsingar verða sendar foreldrum/forráðamönnum þegar nær dregur opnun, meðal annars kynning á frekari skipulagi, starfsfólki og vistunargjaldi.

Fyrir hönd Ísafjarðarbæjar

*Stefanía Ásmundsdóttir, sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs og
Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi*